# Mánudagur 4. desember

## SJÓNVARPIÐ

17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Ítölskukennsla fyrir byrjendur (10). – Buongiorno Italia (25 mín.).
17.50 **Töfraglugginn.** Endursýning frá sl. miðvikudegi.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (37)** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Leðurblökumaðurinn** (Batman). Bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Litróf.** Meðal efnis: Rætt við Elínu Pálmadóttur um frönsku Íslandssjómennina í tilefni bókar hennar „Fransí Biskví". Skroppið í heimsókn til tveggja „Skagaskálda", Kristjáns Kristjánssonar og Gyrðis Elíassonar, sem báðir lesa úr nýjum bókum. Atriði úr leikritinu „Karlar óskast í kór" og spjallað við höfundinn og leikstjórann, Hlín Agnarsdóttur. Söngkonan Elsa Waage syngur eitt lag. Umsjón Arthúr Björgvin Bollason. Dagskrárgerð Jón Egill Bergþórsson.
21.20 **Á fertugsaldri** (thirtysomething). Bandarískur myndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
22.10 **Íþróttahornið.** Fjallað verður um íþróttaviðburði helgarinnar og kastljósinu beint að landsmótum í knattspyrnu víðs vegar um Evrópu.
22.30 **Enginn vandi** (A Piece of Cake). Nýlegt ástralskt sjónvarpsleikrit. Roskinn herramaður deyr ekki ráðalaus þótt hann hafi ekki ráð á að kaupa sér gæs í jólamatinn. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.10 **Þingsjá.** Umsjón Ingimar Ingimarsson.
23.30 **Dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.00 **Í hita leiksins.** Cuba. Spennu- og ástarmynd. Maður á vegum bandarísku stjórnarinnar er sendur til Kúbu en þar hittir hann fyrrum ástkonu sína. Þegar byltingin gengur í garð verða þau viðskila aftur. Aðalhlutverk: Sean Connery, Brooke Adams og Jack Weston.
17.00 **Santa Barbara.**
17.45 **Jólasveinasaga.** Leikraddir: Róbert Arnfinnsson, Júlíus Brjánsson og Saga Jónsdóttir.
18.10 **Kjallararokk.**
18.35 **Frá degi til dags.** Day by Day.
19.19. **19:19** Fréttum, veðri, íþróttum og þeim málefnum sem hæst ber hverju sinni gerð skil.
20.30 **Dallas.**
21.30 **Tvisturinn.** Umsjón: Helgi Pétursson.
22.30 **Dómarinn.** Night Court.
23.00 **Fjalakötturinn. Jól í júlí.** Christmas in July. Þessi mynd fjallar um ungt par sem ætlar að gifta sig en skortir til þess peninga. Ungi maðurinn reynir þá leið að taka þátt í ýmiss konar keppni en ber sjaldan sigur úr býtum. Aðalhlutverk: Dick Powell, Ellen Drew, Raymond Walburn, Ernest Truex og William Demarest.
0.05 **Mackintosh maðurinn.** The Mackintosh Man. Breskur starfsmaður leyniþjónustunnar reynir að hafa hendur í hári áhrifamikils njósnara innan breska þingsins. Aðalhlutverk: Paul Newman, James Mason og Peter Vaughan. Stranglega bönnuð börnum.
1.45 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Stefán Lárusson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.**
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Jólaalmanak Útvarpsins 1989.** Frú Pigalopp og jólapósturinn eftir Björn Rönningen í þýðingu Guðna Kolbeinssonar. Margrét Ólafsdóttir flytur. (4) Umsjón: Gunnvör Braga. (Einnig útvarpað um kvöldið klukkan 20.00.) 9.20 Morgunleikfimi með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Íslenskt mál.** Endurtekinn þáttur frá laugardegi sem Guðrún Kvaran flytur.
9.40 **Búnaðarþátturinn** – Um sæðingar og frjósemi sauðfjár. Ólafur R. Dýrmundsson ráðurnautur flytur.
10.00 **Fréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Stiklað á stóru um hlutleysi,** hernám og hervernd. Áttundi þáttur. Umsjón: Pétur Pétursson. (Einnig útvarpað á miðvikudagskvöld kl. 21.00.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá mánudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Ingólfur A. Þorkelsson skólameistari flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Dánarfregnir. Auglýsingar.
13.00 **Í dagsins önn** – Umhverfismál í brennidepli. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
13.30 **Miðdegissagan:** Turninn útá heimsenda eftir William Heinesen. Þorgeir Þorgeirsson les þýðingu sína. (15)
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags kl. 3.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Rimsírams.** Guðmundur Andri Thorsson rabbar við hlustendur. (Endurtekið frá deginum áður.)
15.25 **Lesið úr forustugreinum bæjar- og héraðsfréttablaða.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Meðal annars les Jakob S. Jónsson úr þýðingu sinni á framhaldssögunni Leifur, Narúa og Apúlúk eftir Jörn Riel. (6) Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Taneyev og Scriabin.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Auglýsingar. Dánarfregnir.
18.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Auglýsingar.**
19.32 **Um daginn og veginn.** Þór Magnússon þjóðminjavörður talar.
20.00 **Jólaalmanak Útvarpsins 1989.** Frú Pigalopp og jólapósturinn eftir Björn Rönningen. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Barokktónlist** – Vivaldi, Corelli og Bach.
21.00 **Og þannig gerðist það.** Umsjón: Inga Rósa Þórðardóttir. (Frá Egilsstöðum)
21.30 **Útvarpssagan:** Gargantúi eftir Francois Rabelais. Erlingur E. Halldórsson þýddi. Baldvin Halldórsson les. (9)
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Samantekt um tæknifrjóvgun.** Umsjón: Sigrún Stefánsdóttir. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
23.10 **Kvöldstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið** – Úr myrkrinu, inn í ljósið. Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** – Bibba í málhreinsun. 9.03 Morgunsyrpa. Eva Ásrún Albertsdóttir og Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Stóra spurningin kl. 9.30, hvunndagshetjan kl. 9.50, neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Bibba í málhreinsun kl. 10.55. (Endurtekinn úr morgunútvarpi.) Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Dagur Gunnarsson kl. 15.03.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin og málið.** Ólína Þorvarðardóttir fær þjóðarsálina til liðsinnis í málrækt.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Sigrún Sigurðardóttir, Oddný Eir Ævarsdóttir, Jón Atli Jónasson og Sigríður Arnardóttir.
21.30 **Fræðsluvarp:** Lyt og lær. Áttundi þáttur dönskukennslu á vegum Bréfaskólans. (Einnig útvarpað nk. fimmtudagskvöld á sama tíma.)
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús. (Úrvali útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 5.00.)
0.10 **Í háttinn.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Þorstein Eggertsson sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á rás 1.)
3.00 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
4.00 **Fréttir.**
0 .05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi mánudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Lísa var það,** heillin. Lísa Pálsdóttir fjallar um konur í tónlist. (Endurtekið úrval frá miðvikudagskvöldi á rás 2.)
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Á gallabuxum og gúmmískóm.** Leikin lög frá sjötta og sjöunda áratugnum.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Morgunþáttur.** Færð og samgöngur í morgunsárið. Þitt álit og slegið á þráðinn. Umsjónarmaður: Sigursteinn Másson.
9.00 **Páll Þorsteinsson** við hljóðnemann. Létt spjall og tónlist. Vinir og vandamenn.
12.00 **Hádegisfréttir.**
12.15 **Valdís Gunnarsdóttir** spjallar við hlustendur og spilar rólega og fallega jólatónlist. Fólk í fréttum og fleira skemmtilegt.
15.00 **Ágúst Héðinsson** leikur nýjustu tónlistina, spjallar við tónlistarfólk og er með ýmsar uppákomur.
17.00 **Síðdegisútvarp Bylgjunnar.** Róleg tónlist á leiðinni heim.
19.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson** vaskar upp með hlustendum og leikur þægilega tónlist.
20.00 **Ágúst Héðinsson.** Tónlist og létt spjall. Hvað er að gerast?
22.00 **Frostrósir.** Gunnlaugur Guðmundsson stjörnuspekingur með þátt um stjörnuspeki. Pétur Steinn Guðmundsson fylgist með og tekur fólk tali.
24.00 **Inn í nóttina** með Freymóði T. Sigurðssyni.
Fréttir eru á klukkutímafresti frá 8–18.

## STJARNAN FM 102 & 104

7.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Ungir Íslendingar í spjalli og leigubílaleikurinn á sínum stað kl. 7.30. Morgunþáttur fyrir ungt fólk.
11.00 **Sigurður Sturluson.** Ný tónlist en þessi gömlu góðu heyrast líka. Hádegisverðarleikur Stjörnunnar og VIVA-STRÆTÓ kl. 11.30.
15.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Mikið af nýrri tónlist. Þú vinnur þér alltaf inn eitthvað hjá Sigga. Síminn er 622939.
19.00 **Ekkert kjaftæði – Stanslaus tónlist.**
20.00 **Kristófer Helgason.** Tónlistin er ný, fersk og vönduð. Kristó gluggar í stjörnuspeki.
1.00 **Björn Sigurðsson.** Næturvakt sem segir sex. Björn leikur óskalögin þín við vinnuna eða svefninn.

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **MS.**
18.00 **FB.**
20.00 **MH.**
22.00 **MR.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## FM 95,7

7.00 **Arnar Bjarnason.** Morgunhaninn á F.M. býður fyrirtækjum upp á brauð og kökur með kaffinu.
10.00 **Ívar Guðmundsson.** Nýtt og gamalt efni í bland við fróðleiksmola.
13.00 **Jóhann Jóhannsson.** Gæðapopp og óskalög ráða ríkjum.
16.00 **Sigurður Ragnarsson.** Hress, kátur og birtir upp skammdegið.
19.00 **Gunný Mekkinoson.** Frumlegheitin ráðandi.
22.00 **Ragnar Már.** „Eru menn ófúsir til að taka undir?"
1.00 **Lifandi næturvakt.**

## FM 90,9 AÐALSTÖÐIN

7.00 **Bjarni Dagur Jónsson.** Morgunmaður Aðalstöðvarinnar. Fréttatengt efni, viðtöl og ljúf tónlist.
9.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Þægileg tónlist blönduð ýmsum fróðleik.
12.00 **Hádegisútvarp.**
13.00 **Gunnlaugur Helgason.** Ljúf tónlist í dagsins önn.
16.00 **Fréttir með Eiríki Jónssyni.**
18.00 **Íslensk tónlist** að hætti Aðalstöðvarinnar.
19.00 **Anna Björk Birgisdóttir.**
22.00 **Undir fjögur augu.** Umsjón Bjarni Dagur Jónsson.

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Menning á mánudegi.** Listafólk tekið tali o.fl.

## SKY One

5.30 **Viðskiptaþáttur.**
6.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
8.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
10.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
10.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
11.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
12.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
12.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
13.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.45 **Loving.**
15.15 **Young Doctors.** Framhaldsflokkur.
16.00 **Poppþáttur.**
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **The New Price is Right.** Spurningaleikur.
18.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
19.00 **Alf.** Gamanmyndaflokkur.
20.00 **Return to Eden.** Míniseria.
22.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
23.00 **Fréttir.**
23.30 **The Big Valley.** Vestrasería.
00.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

14.00 **Andrea's Story.**
15.00 **Beware the Jabberwock.**
16.00 **Rudolph's Shiny New Year.**
17.30 **King of the Beasts.**
18.00 **Little Shop of Horrors.**
20.00 **Monthy Python Live at the Hollywood Bowl.**
22.00 **Death in California, part 1.**
23.45 **The Brood.**
01.15 **The Hitchhiker.**
01.45 **The Wraith.**
04.00 **Crimes of Heart.**

## EUROSPORT

9.00 **Fótbolti.** Meginlandsknattspyrna eins og hún gerist best.
10.00 **Skíði.** Heimsbikarinn. Keppni í Bandaríkjunu.
12.00 **Íhokkí.** Leikur í Evrópukeppni meistaraliða.
13.00 **Golf.** Australian Open. Haldið á Kingston Heath golfvellinum.
15.00 **Tennis.** Keppni nokkurra fyrrverandi meistara á Spáni.
15.30 **Rall.** Það helsta úr World Championship Rally.
17.00 **Badminton.** World Cup haldið í Kína.
18.00 **Íshokkí.** Leikur í atvinnumannadeildinni í Bandaríkjunum.
20.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á helstu viðburði liðinnar viku.
21.00 **International Motor Sports.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
22.00 **Hnefaleikar.** Frægar keppnir.
23.00 **Íshokkí.** Leikur í atvinnumannadeildinni í Bandaríkjunum.

## SCREENSPORT

7.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur háskólaliða.
9.00 **Wide World of Sport.**
10.00 **Hnefaleikar.** Keppni atvinnumanna.
11.00 **Powersport International.**
12.00 **Kanadíski fótboltinn.**
14.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur háskólaliða.
17.00 **Motorsport 1989.**
18.30 **Karate.** Breska meistaramótið.
19.30 **Spánski fótboltinn.** Valencia–Barcelona.
21.15 **Hnefaleikar.**
22.45 **Ameríski fótboltinn.** Highlights.
23.45 **Íþróttir á Spáni.**
24.00 **Wide World of Spoort.**



Gamanið kárnar þegar í ljós kemur að söguhetjurnar voru sviknar.

### Stöð 2 kl. 23.00:

# Jól í júlí

## – Fjalakötturinn

Kvikmyndin Jól í júlí fjallar um unga og ástfangna ástarfugla sem ætla að láta pússa sig saman. Þau reyna að afla fjár til giftingarinnar. Jimmy ætlar að stytta sér leið til frægðar og frama með því að taka þátt í ýmiss konar keppni. Hann reynir hvað eftir annað að sigra til að fá peningaverðlaun. Loks berst honum skeyti þar sem honum er tilkynnt um að hann hafi unnið eina keppnina og hljóti 25 þúsund dollara í verðlaun. Parið tekur gleði sína, kaupir fín föt og deilir út gjöfum til vina sinna. Síðan kemur í ljós að einhverjir óprúttnir sendu skeytið á fölskum forsendum og upphefst þá söguleg atburðarás. Kvikmyndahandbókin gefur þessari mynd þrjár og hálfa stjörnu og tilnefnir sérstaklega góðan leik þeirra Raymonds Walburn og Williams Demarest. -ÓTT

### Rás 1 kl. 7.55 og 12.15:

# Daglegt mál

## – rétt fyrir fréttir

Þær breytingar hafa orðið á þættinum Daglegt mál að nú verður hann fluttur rétt á undan hádegisfréttum klukkan 12.15 á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Þátturinn er frumfluttur klukkan 7.15 á sömu dögum. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að fá áhugamenn um íslenskt mál til að hafa umsjón með þættinum aðra hvora viku á móti Merði Árnasyni íslenskufræðingi. Dagana 4., 6. og 8. desember verður Ingólfur Á. Þorkelsson, skólameistari í Kópavogi, umsjónarmaður þáttarins.



Gunnlaugur Guðmundsson er í forystuhlutverki Íslendinga á sviði stjörnuspeki.

### Bylgjan kl. 22.00:

# Stjörnuspekingurinn ræðir við Hemma Gunn

Gunnlaugur Guðmundsson stjörnuspekingur ræðir við Hermann Gunnarsson sjónvarpsmann í þætti um stjörnuspeki á Bylgjunni í kvöld. Fjallað verður um bogmannsmerkið sem mun vera eitt jákvæðasta stjörnumerkið í „hringnum". Hemmi er í bogmannsmerkinu enda hefur hann brýnt það mjög fyrir mönnum að vera jákvæðir. Gunnlaugur og Hermann munu einnig spjalla um ýmsa aðra forvitnilega þætti en stjörnuspeki.

-ÓTT